



Nú er talað um að íslenska þjóðin lifi lengur en áður og því áforma stjórnendur lífeyrissjóða almenna markaðarins að færa niður réttindi sjóðfélaga. Það þýðir að lífeyrisloforðið (72–76% meðalævilauna) sem að var stefnt með hækkun iðgjalda úr 12% í 15,5% árin 2016–2018 næst ekki lengur við 67 ára aldur, heldur þarf fólk að vinna fram yfir sjötugt til að ná því.

Í aðra röndina hljómar það eðlilega að hækka þurfi lífeyristökualdur eða hægja á uppsöfnun réttinda þegar sjóðfélagar lifa lengur. Sama lífeyriseign þarf að duga í fleiri ár en áður, með hækkandi lífaldri sjóðfélaga. En á þessu eru umtalsverðir hnökrar. Ævi ólíkra þjóðfélagshópa er ekki að lengjast jafn mikið og breytingin kemur misjafnlega niður á þeim.

Verkafólk byrjar fyrr en aðrir að greiða iðgjöld til lífeyrissjóða (vegna styttri skólagöngu) en nýtur lífeyris í skemmri tíma en fólk úr hærri stéttum, eða 5 árum skemur en háskólaþólk. Þannig hallar umtalsvert á hag verkafólks innan lífeyrissjóðakerfisins. Það greiðir lengur inn, en fær lífeyri í færri ár.


Síðan þegar lífeyristökualdur er hækkaður eða réttindi í lífeyrissjóðum færð niður þá hallar enn meira á verkafólk en áður, auk þess sem verkafólk á erfiðara með að vinna lengur til að halda sömu lífeyriskjörum. Í grannríkjunum hefur verið gripið til mótvægisáðgerða til að rétta hlut verka- og lágtekjufólks í lífeyriskerfum að þessu tilefni. Slíkar leiðir til úrbóta eru hér reifaðar fyrir Ísland.

Á lengri ævi menntafólks að lækka lífeyri verkafólks?

Það er ekki þannig að ævi allra sé að lengjast jafn mikið. Það er einkum hjá fólki með háskólamenntun og framhaldsskólamenntun sem meðalævin er að lengjast, samkvæmt gögnum

Hagstofu Íslands. Hjá þeim sem eru einungis með grunnskóla-próf, en það er oftast verkafólk, er engin markverð lenging á meðalævinni síðan 2011, eins og sjá má á mynd 1.

Meðalævi fólks eftir menntun, 2011 til 2020



Mynd 1 Vænt meðalævilengd fólks í ólíkum menntahópum, frá 2011 til 2020. Fimm ára meðaltöl, tilgreinda árið og næstu fjögur ár á undan. Miðað er við ævilíkur þeirra sem hafa náð 30 ára aldri. Heimild: Hagstofa Íslands.

Í reynd hefur meðalævilengdin hjá þeim sem eru aðeins með grunnskólapróf staðið í stað frá byrjun til loka tímabilsins, hækkað lítillega í fyrstu en lækkað svo eftir 2015. Nánar tiltekið þá hefur ævilengdin styst hjá verkakönnum en lengst örlítið hjá verkakörlum og þegar báðir hóparnir eru teknir saman þá er því sem næst engin breyting. Á þessum sama tiltölulega stutta tíma hefur meðalævin hjá háskólamenntuðum lengst um 1–2 ár. Fólk sem er með framhaldsskólamenntun lifir einnig lengur en áður, en aukningin þar er ekki jafn mikil og hjá háskólamenntuðum.

Karlar með grunnskólapróf lifa nú að jafnaði nærri 5 árum skemur en karlar með háskólamenntun. Á tímabilinu 2007 til 2011 var munurinn um 4 ár. Þróunin er því allt önnur hjá menntafólki en hjá verkafólki, eins og mynd 1 sýnir. Það er því ekki verkafólk sem er að skapa lífeyrissjóðum vanda með lengri lífaldri. Fjölgun erlends verkafólks sem kemur frá löndum með styttri meðalævi en Íslendingar kann að skýra þessa þróun. Áhrif þess á meðalævilíkur verkafólks (grunnskólamenntaðra í gögnum Hagstofu) gætu aukist þegar það fólk fer að koma í auknum mæli inn í dánartölur þjóðarinnar á næstu árum og áratugum, til frekari lækkunar á meðalævilengd verkafólks á Íslandi.

Þessi staðreynd hefur mismunandi áhrif innan einstakra lífeyrissjóða. Frá 2011 til 2020 er til dæmis ekki um neina reglulega lengingu að ræða á lífaldri þess þjóðfélagshóps sem einkum eru sjóðfélagar í Gildi, þ.e. verkafólks sem oftast er einungis með grunnskólamenntun. Það ætti því að vera minna tilefni til lækkunar á réttindum vegna lengingar lífaldurs hjá Gildi en öðrum lífeyrissjóðum, samkvæmt gögnum Hagstofunnar. En í sjóðum sem hafa í meiri mæli meðlimi úr stéttum með meiri menntun (t.d. í blönduðum sjóðum eins og Lífeyrissjóði verslunarmanna og LSR) þar eru meiri tilefni til hækkunar á ævilíku, en afleiðingar þess koma misjafnlega niður á meðlimahópum þeirra sjóða.

Þegar svona mikill munur er á ævilengd þjóðfélagshópa og á breytingum ævilengdar yfir tíma þá skiptir það miklu máli fyrir lífeyrissjóði. Þeir sem lifa lengst eru dýrastir sem lífeyrisþegar, en hinir eru ódýrari.

Myndin sem blasir við þegar ævilengd ólíkra menntahópa eða stétta er skoðuð er þá þessi: Þeir sem eru með styttri skólagöngu og fara fyrr út á vinnumarkað (oftast verkafólk) byrja fyrr en háskólamenntaðir að greiða iðgjöld til lífeyrissjóða. Þeir lifa síðan skemur en menntafólkið með milli og hærri menntun og fá því lífeyri í skemmri tíma. Það hallar því á hag verkafólks innan lífeyrissjóðakerfisins (sjá nánar um það í mikilvægri grein Þorsteins S. Sveinssonar hagfræðings hjá Seðlabanka Íslands, „[Áhrif hækkunar lífaldurs á lífeyrisréttindi](#)“).

Síðan þegar kemur að því að lækka lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðunum vegna lengri meðalævi menntafólks þá er það verkafólk/erfiðisvinnufólk sem mun eiga erfiðara með að lengja starfsferilinn fram yfir sjötugt, vegna meiri slita á líkama og sál á vinnuferlinum, til að ná þeim réttindum sem nú nást við 67 ára lífeyristöku. Verkafólk þarf þá að hætta fyrr, t.d. áfram við 67 ára aldur, en fá þá lægri lífeyri frá lífeyrissjóðunum en hinir sem eiga auðveldara með að vinna til sjötugs.

Þannig má segja að réttindi í lífeyrissjóðum verði rýrð vegna lengri meðalævi menntafólks en verkafólks/erfiðisvinnufólks

mun finna meira fyrir lakari lífeyriskjörum fyrir vikið, þó sá hópur sé ekki að skapa lífeyrissjóðunum vanda með lengri meðalævi.

Er þá sanngjarnt að rýra réttindi jafnt hjá öllum, eins og áformað er í lífeyrissjóðunum? Þarf ekki að taka tillit til mismunandi ævilengdar hjá ólíkum hópum þegar munurinn er jafn mikill og hér hefur verið sýnt?

Jöfnun réttinda við opinbera starfsmenn í uppnámi

Við endurskoðun kjarasamninga ASÍ félaga árið 2016 var fyrirbyggjandi tilefni til launahækkana vegna þess að aðrir hópar höfðu fengið mun meiri hækkanir en ASÍ félagar frá 2015, til dæmis læknar, hæstu embættismenn og þingmenn. Samið var um að í stað hluta launahækkana til ASÍ félaga yrðu réttindi í lífeyrissjóðum almenna markaðarins aukin með hækkun iðgjalda úr 12% í 15,5%.

Þetta átti að hækka væntan lífeyri starfsfólks á almennum markaði úr um 56% meðalævilauna í 72–76% og þar með jafna lífeyriskjör almenna markaðarins við lífeyriskjör opinberra starfsmanna. Nú fjórum árum eftir að sú breyting kom að fullu til framkvæmda þá stefnir í að með niðurfærslu réttinda vegna lengri meðalævi menntafólks þá verði réttindi í lífeyrissjóðunum nær 66% en þeim 72–76% sem að var stefnt í endurskoðun kjarasamninga árið 2016, ef miðað er við lífeyristöku við 67 ára aldur. Markmiðið getur náðst með lengri starfsævi, til rúmlega 70 ára aldurs, en þá bitnar breytingin á þeim sem eiga erfitt með að lengja starfsferil sinn, en það er einkum erfiðisvinnufólk.

Í ljósi þess að launafólk kaupir sér tryggingavernd til framfærslu með greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóði þá er vægast sagt óheppilegt að réttindin sem fást fyrir þau iðgjöld séu mjög fljótandi. Réttindi í lífeyrissjóðum eru þó eðli máls samkvæmt alltaf háð árangri í ávöxtun sjóðanna og lengd þess tímabils sem fólk er á lífeyri, sem ræðst af meðalævilengd. Ávöxtun sjóðanna hefur verið mjög góð sl. 5–10 ár sem að öðru óbreyttu hefði átt að gefa tilefni til að auka réttindi sjóðfélaga.

En þegar meðalævilengd og breyting hennar yfir tíma er mjög misjöfn milli þjóðfélagshópa, eins og hér hefur verið sýnt, þá er mikilvægt að taka tillit til þess, annað hvort í almannatryggingakerfinu eða í réttindakerfum lífeyrissjóðanna.

Leiðir til úrbóta

Þegar virkur lífeyristökualdur hefur verið hækkaður í grannríkjunum, eða réttindauppsöfnun færð niður vegna lengri meðalævi, þá hefur verið rætt af fullri alvöru um að nauðsynlegt sé að koma til móts við erfiðisvinnufólk sem finnur meira fyrir slíkri breytingu en aðrir. Í Danmörku var af slíku tilefni komið á fót „forgangslífeyri“ (förtidspension) fyrir verkafólk/erfiðisvinnufólk sem tók gildi 1. janúar 2022 ([sjá hér](#)).

Markmiðið með þeirri breytingu er að rétta af þann halla sem er gagnvart hagsmunum verkafólks/erfiðisvinnufólks, vegna þess að það greiðir iðgjöld í fleiri ár en fær lífeyri í færri ár en meðlimir starfsstétta með meiri menntun og lengri meðalævi.

Það er gert þannig, að þegar fólk er orðið 61 árs og hefur verið á vinnumarkaði í 44 ár þá fær það rétt til að fara á full eftirlaun í almannatryggingakerfinu 3 árum fyrir en opinberi lífeyristöku-aldurinn er (t.d. við 64 ára aldur í stað 67). Ef árin á vinnumarkaði eru 43 þá hefur viðkomandi rétt til að fara 2 árum fyrir og fyrir 42 ár á vinnumarkaði við 61 árs aldur má fólk fara ári fyrir á lífeyri almannatrygginga. Á vettvangi Evrópusambandsins hafa samsvarandi ívilnanir fyrir verkafólk/erfiðisvinnufólk einnig verið til umræðu í tengslum við áform um hækkun lífeyristökualdurs.

Hvernig mætti leysa þetta vandamál á Íslandi? Hér verða nefndar þrjár leiðir sem koma til greina, til að bæta lífeyriskjör verkafólks samhliða fyrirhugaðri niðurfærslu réttinda í lífeyrissjóðunum.

- Hækkun frítekjumarks TR gagnvart lífeyrissjóðstekjum í átt að 100.000 króna marki á mánuði. Það skilar lágtekjufólki og þeim sem hafa minni réttindi í lífeyrissjóðum hærri greiðslum frá TR sem vegur á móti tapinu af því að fara á lífeyri 67 ára eftir fyrirhugaða niðurfærslu réttinda í lífeyrissjóðunum.
- Innleiða sérstakan „forgangslífeyri“ (förtidspension) í almannatryggingum fyrir erfiðisvinnufólk með langan starfsferil, líkt og Danir hafa nú gert.
- Breyta réttindakerfum lífeyrissjóðanna, með því að færa aukin réttindi til þeirra sem lifa skemur eða þeirra sem hafa lægri tekjur, það er innleiða jöfnun í lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna. Þetta kann þó að verða erfitt í framkvæmd.

Leið nr. 1 yrði án efa auðveldust í framkvæmd og myndi skila tilætluðum árangri, þ.e. mestri hækkun greiðslna frá almannatryggingum til verkafólks og erfiðisvinnufólks sem á erfitt með að vinna til sjötugs, sem og til lágtekju-lífeyrisþega.

Varðandi þá leið mætti einnig hafa í huga að árið 2008 var innleitt 25.000 kr. frítekjumark gagnvart lífeyrissjóðstekjum eftirlaunafólks. Ef þetta frítekjumark hefði fylgt launapróuninni síðan 2008, eins og eðlilegt hefði verið, þá væri það í dag um 60.000 krónur á mánuði. En það er enn einungis 25.000 krónur og nú fyrir samanlagðar lífeyrissjóðstekjur og fjármagnstekjur. Það hefur því lækkað gríðarlega að raunvirði frá 2008.

Að hækka frítekjumarkið gagnvart lífeyrissjóðstekjum í um 100.000 kr. á mánuði væri því að meirihluta endurheimt réttinda sem launafólk hafði þegar náð á árinu 2008 og viðbótin við það væri einungis um 40.000 krónur. Kostnaður ríkisins af slíkri breytingu nú væri í heildina um 15 milljarðar brúttó og síðan fengi ríkið allt að þriðjung til baka með tekjuskatti og neyslusköttum, þannig að nettó kostnaður ríkisins væri mun minni.

Einnig þyrfti að hækka óskertan lífeyri TR til jafns við lágmarkslaun á vinnumarkaði, í samræmi við 69. grein laga um almannatryggingar, en nú vantar um 5% upp á það.

Með slíkri lagfæringu á almannatryggingakerfinu væri virkni lífeyriskerfisins í heild mun eðlilegri en nú er og lágtekjuvandi lífeyrisþega umtalsvert minni. Fólk fengi að njóta ávinnings af lífeyrissparnaði í lífeyrissjóðunum betur en nú er.

Síðan mætti framlag almannatrygginga dragast saman aftur eftir árið 2050 þegar fullur ávinningur af auknu réttindunum sem um var samið árið 2016 hefur náðst, með 15,5% iðgjalda-greiðslum í 40 ár. Það er þegar réttindi á almenna markaðinum hafa verið jöfnuð við réttindi opinberra starfsmanna.

En að breyta réttindum í lífeyrissjóðunum eins og nú virðist áformað án þess að taka tillit til skemmri ævilengdar verkafólks/erfiðisvinnufólks og minni lengingar á meðalævi þeirra er ekki boðlegt.